



Pési

Næsti Pési kemur út
12.febr. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
9.febr. 2015.

ÞORRABLÓT

Laugardaginn 31. janúar 2015

Hið árlega þorrablót kvenfélags Hrunamannahrepps
verður haldið í Félagsheimili Hrunamanna.

Borðhald hefst kl. 20.00 en húsið opnar kl. 19.30.
Hljómsveitin Span leikur fyrir dansi fram á nótt.

Mat og drykk ráðið þið sjálf því þið komið með
matinn og drykkina með ykkur.

Við mælum eindregið með að maturinn
verði þorramatur af öllum gerðum og hafður
í viðeigandi ílátum og á þjóðlegan hátt.

Veislustjóri verður Sr. Óskar H Óskarsson í Hruna.

Flutt verða minni karla og kvenna.

Miðana þarf að panta í síðasta lagi mánudaginn 26. janúar og þeir verða seldir í
Félagsheimilinu þriðjudaginn 27. janúar milli kl. 20.00 og 22.00.
Ath ekki verður posi á staðnum.

Miðaverð er kr. 3.000.

Allur ágóði rennur til góðgerðamála innan sveitar.

Allir velkomnir. Tilvalið fyrir brottflutta, nýflutta
og bara vini og kunningja að koma á frábæra
skemmtun með okkur í sveitinni.

Vinsamlegast takið fram fjölda borðfélaga en miðapantanir berist til:

Halldóra Hjörleifsdóttir 892-1276.

Helga Teitsdóttir 866-7459

Ingibjörg Einarsdóttir 486-8878/863-8265

Sigríður Helga Olgeirsdóttir 588-0802/862-0802



Kvenfélag Hrunamannahrepps.

Jan 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
289 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Árið 2015 er runnið upp og með nýju ári fylgja alltaf spennandi tímamót. Þá tekur við að skipuleggja verkefni ársins og einnig fer að koma í ljós hvernig árið 2014 gekk upp í rekstri.

Tvennt er þó sem þegar er farið að koma í ljós. Árið 2014 var fyrsta heila árið þar sem blátunnuverkefnið hefur staðið yfir. Skv. lauslegu mati sýnist okkur að sorpeyðingarkostnaður og gámaleiga sveitarfélagsins hafi lækkað um tæpar 2,0 millj. milli ára 2013 og 2014. Þökkum við það aðallega blátunnunni. Vissulega er kostnaður á móti við hirðingu og flutning en trúlega erum við frekar í plús en hitt. Þetta sýnir að flokkun borgar sig, bæði umhverfis- og kostnaðarlega. Næsta verkefni verður trúlega að reyna að halda lífrænum úrgangi sem mest eftir og einnig að flokka betur plast og gler.

Annað sem er athyglisvert að skoða eru þær endurgreiðslureglur sem hafa verið í gildi vegna VSK af viðhaldsvinnu af húsnæði sveitarfélagsins. Reglur um 100% endurgreiðslu af vinnulið voru teknar upp á árinu 2009 og runnu út núna um síðustu áramót. Í fljótu bragði sýnist okkur að endurgreiðsla á VSK á þessu 6 ára tímabili verði tæpar 16 millj. Af þeirri tölu eru reyndar trúlega um 6 millj. vegna stækkunar á íþróttahúsinu á síðasta ári. Það hefur því haft ákveðna kosti að vera í massifum viðhaldsverkefnum síðustu ár því þessar 16 millj. hefðum við að öðrum kosti þurft að fjármagna sjálf.

Tíðin hefur verið brösótt og það er langt síðan að desembermándur hefur verið nánast hvítur. Við höfum nú samt ekki mikla ástæðu til að kvarta því ekki hefur verið mikið um eiginlega ófærð að ræða. Á það er síðan að líta að það hefur verið einstaklega jólalegt og maður verður að viðurkenna að um áramótin sköpuðust afar fallegar aðstæður þegar snjórinn fékk meira að segja að vera kyrr á trjánum. Fyrir mitt leyti varð maður nánast orðlaus yfir þeim kynjamyndum sem slíkar aðstæður geta skapað.

Þessar aðstæður hins vegar geta valdið því að vandasamt getur verið að sinna sorpþjónustu fyrir íbúa og hvet ég fólk til að moka frá sorphlátum og eftir atvikum að reyna að koma í veg fyrir hálfu til að auðvelda sorphirðu. Í verstu tilfellum er nefnilega ekki hægt að komast að sorphlátum vegna hálfu eða snjó. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á sorphirðudagatali vegna grátunnu og blátunnu sem er aðgengilegt á heimasíðu sveitafélagsins fludir.is.

Nú er vinna við endurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps komin á fullt og skipulagsráðgjafar hafa verið að vinna að fyrstu skrefum með sveitarstjórn. Búið er að samþykka lýsingu vegna vinnunnar þar sem helstu áhersluatriði koma fram o.fl. Það verður síðan mikið samráðs- og kynningarferli við íbúa og hagsmunaaðila og væntanlega yrði fyrsti íbúafundur um málið í kringum mánaðarmótin febrúar/mars. Hvet ég alla til að setja sig inn í þessi mál þegar þar að kemur því gott aðalskipulag er leiðarljós til framtíðar.

Árið 2014 og jólin voru kvödd með brennum um áramót og á „helgarþrettándanum“ auk glæsilegrar flugeldasýningu hjá Björgunarfélaginu Eyvindi þrettándahelgina. Vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum sem komu að þessum viðburðum. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

ORÐSENDING FRÁ SKRIFSTOFU HRUNAMANNAHREPPS.

Í lok janúar lýkur álagningu fasteignagjalda vegna ársins 2015.

Að þessu sinni verða álagningarseðlar ekki sendir út í pósti til gjaldenda, en þeir verða aðgengilegir á island.is eins og verið hefur síðustu ár.

Greiðsluseðlar verða sendir út rafrænt til birtingar í heimabanka.


Þeir sem undanfarin ár hafa óskað eftir að fá greiðsluseðla í pósti fá þá senda áfram ásamt álagningarseðli.

Aðrir sem óska eftir að fá sendan álagningarseðil eða greiðsluseðla í pósti geta haft samband við skrifstofuna í síma: 480 6600 eða sent póst á netfangið:

svanhildur@fludir.is

Ágætu sveitungar.

Á árinu sem var að líða tóku gildi ný deiliskipulög fyrir Flúðir sem unnin voru úr mörgum misgömlum plöggum. Breytingarnar eru þær helstar að gert er ráð fyrir að hægt verði að byggja minni íbúðir en áður var gert ráð fyrir. Þá er gert ráð fyrir góðu plássi fyrir íbúðir eldri borgara, stækkunarmöguleikum hótelsins, nýjum þjónustulóðum ásamt ýmsum fleiri breytingum til batnaðar. Íþróttasvæðið er hugsað á einum stað í framtíðinni, en við íþróttahúsið er gert ráð fyrir góðu sundlaugarsvæði og íþróttavelli. Framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins voru af ýmsum toga á árinu sem leið. Má þar nefna malbikun á Hofatúninu, sem var orðin tímabær. Farið verður í malbikun Högnastígs og Vesturbrúnin kláruð í sumar. Miklar lagfæringar voru gerðar á húsnæði Flúðaskóla og lóðinni í kring og verður framhald á því verki í sumar. Þá var eldhúsið í félagsheimilinu tekið í gegn, en menningarhús okkar kallar á meira viðhald og verður unnið að því eftir áætlun. Stóra verkefni sveitarinnar er eins og flestir vita, stækkun íþróttahússins. Löngu tímabært verkefni og afar ánægjulegt að hægt sé að klára húsið nú. Það mun koma sér vel að geta þjálfað meira en einn hóp í einu og verður það hægt þegar húsið klárast. Nýtingin á íþróttahúsinu er mjög mikil og koma krakkar úr næstu sveitarfélögum í auknu mæli á æfingar hjá Ungmennafélaginu og er það bara af hinu góða. Fjöldgun ferðamanna hefur áhrif á okkur hér í Gullhreppnum eins og annarstaðar. Stofnað var ferðamálaráð Uppsveita í haust og er það hugsað sem bakland ferðamálafulltrúans okkar. Opnun Gömlu laugarinnar hefur haft mikið aðdráttarafl og á eftir að gera enn frekar, en það kallar á bættan aðgang. Vegagerðin var jákvæð fyrir því að farið yrði í uppbyggingu Hvammsvegur í vor í samstarfi við landeigendur og hreppinn. Nú er aldeilis hægt að spila golf í sveitinni en auk hefðbundins golfs er komið bæði fótboltagolf og frísbíggolf. Hreppurinn fékk góðan styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna uppbyggingar í Kerlingarfjöllum. Þar hafa verið sett upp upplýsingaskilti, lagðir göngustígar og brýr. Lagt var af stað með gerð atvinnustefnu fyrir hreppinn á árinu, en hún hefur verið unnin með aðkomu áhugasamra íbúa sveitarinnar og líkur þeirri vinnu fljótlega. Sveitastjórn fer með atvinnumálin og eru alltaf einhver mál til skoðunar á hverjum tíma. Það sem stærst er nú til skoðunar er styrjueldi til framleiðslu á kaviar, mjög spennandi verkefni sem við vonum svo sannarlega að verði að veruleika.



Skóla- og æskulýðsstefna var samþykkt snemma á árinu og er hún hugsuð til að bæta enn frekar það góða starf sem nú er unnið í skólunum. Það voru einmitt skólarnir okkar sem gerðu mest í að minnast 300 ára

fæðingarafmælis Fjalla-Eyvindar á árinu 2014 með ýmsum hætti.

Sveitarstjórnarkosningar voru í vor sem fóru afskaplega vel og vil ég þakka það traust sem okkur var þar sýnt og höldum við ótrauð áfram að vinna að hag íbúa Hrunamannahrepps. Vil ég þakka Esther sem hætti í sveitarstjórn í vor, fyrir gott samstarf síðustu átta ára. Eins þakka ég þeim sem setið hafa í nefndum á vegum sveitarfélagsins fyrir sitt framlag. Að lokum óska ég íbúum Hrunamannahrepps og lesendum gleðilegs árs og megi árið 2015 verða okkur bæði gott og gjöfult.

Ragnar Magnússon Oddviti

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Gistiheimilið Flúðum - Kaffi Grund

Í vetur verður opið:

Mánudaga til fimmtudaga: 11:30 - 14:00 og 18:00 - 21:00

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga: 11:30 - 21:00

Sími 565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is

Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599

Þessi flottu peli fannst í
vegakanti rétt norðan við
Hrunaréttir á réttardaginn sl
haust.

Kannast ekki einhver við
gripinn?? *



Eigandi getur nálgast hann á
skrifstofu Hrunamannahrepps



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Smárafréttir

JANÚAR 2015



AÐALFUNDUR Smára verður á Hestakránni 26. janúar kl 20.30

Dagskrá fundarins :

1. Framlagðir endurskoðaðir reikningar félagsins til úrskurðar
2. Stjórnin leggur fram skriflega yfirlitsskýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári
3. Kosning stjórnar og varastjórnar
4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
5. Önnur mál

Tillögur að lagabreytingum má sá á heimasíðu félagsins smari.is
Hlökkum til að sjá sem flesta, Stjórnin

HELSTU VIÐBURÐIR 2015



26. JANÚAR	AÐALFUNDUR
14 FEBRÚAR	1. VETRARMÓT
20 FEBRÚAR	UPPSVEITADEILD FJÓRGANGUR
7 MARS	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR
14 MARS	2.VETRARMÓT
20 MARS	UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR
1 APRÍL	SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT
11 APRÍL	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR
17 APRÍL	UPPSVEITADEILD TÖLT/SKEIÐ
25 APRÍL	3. VETRARMÓT
1 MAÍ	FIRMAKEPPNI
11 MAÍ	UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR

REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR FULLORÐNA VETURINN 2015

Í vetur ætlum við halda reiðnámskeið fyrir fullorðna í samstarfi við

Þórarinn Ragnarsson, A-flokks sigurvegara Landsmóts 2014.

Námskeiðið verður einstaklingsmiðað, 2 saman í hóp í 5 skipti. Kennnt verður aðra hverja viku og stefnt er á þessa daga: 2 febrúar, 16 febrúar, 2 mars, 16 mars og 30 mars. **Takmarkaður fjöldi** plássar er í boði því

gildir lögmálið **fyrstur kemur fyrstur fær. Skráning á**

smari@smari.is fyrir 26 janúar. Smárafélagar ganga fyrir. Verð á mann er **25.000 .-**

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



VÖRÐUKÓRINN

Baðstofukvöld Vörðukórsins 2015

Hið geysivinsæla baðstofukvöld verður haldið í Félagsheimilinu á Flúðum 6. feb. næstkomandi. Í boði verða fjölbreytt skemmtiatriði við allra hæfi. Í hléi verða bornar fram kræsingar að hætti Vörðukórsins. Miðaverð 2000 kr. Hlökkum til að sjá ykkur,

fjáröflunarnefndin



Elsku vinir,
Ég verð með jóga tíma í Bragganum eins og áður.

Námskeiðin verða 10 tímar í einu og verður fyrsta tímabilið 8. janúar – 10. febrúar.

Hægt verður að koma inn hvenær sem er á tímabilinu.

Jóga tímar verða 2x í viku á þriðjudögum og fimmtudögum.

Annarsvegar kl. 17.15 - 18.15 og hinsvegar kl. 18.30 - 19.30.

Ef næg þáttaka næst þá verða einnig tímar á mánudögum og miðvikudögum á sama tíma.

10 tímar kosta 10.000 kr. og það er í lagi að koma og prófa.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 775 1662 eða með tölvupóst á

larahildur@gmail.com

Ég fer ljúft af stað eftir þennan yndislega hátíðartíma og sem fyrr eru tímarnir jafnt fyrir konur og karla.

Megið þið eiga dásamlegan vetur.

Namaste

Lára jógakennari

<https://www.facebook.com/jogahjalaru>





Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjahljónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á

heimasíðu BÁ, www.babubabu.is
eða í síma 4-800-900.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **fimmtudaginn 22. janúar 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímabantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heiðunind frá landnámi

Thailand um páskana

Er ekki draumurinn að vera á Thailandi um páskana?

Brottför 20. mars, kemur þú með?



Allt um þessa draumaferð á ferdin.is og í síma 893-8808.

Árlegur deildastjórafundur, Sláturfélags Suðurlands, var haldinn í starfsstöð félagsins, á Hvolsvelli, föstudaginn 12. des. sl. Stjórnarformaður, forstjóri og framleiðslustjóri fóru yfir það helsta í starfi og rekstri félagsins, sem af var árinu. Sem fyrr er rekstrarafkoman góð, en eins og alltaf eru einhverjar blikur á lofti. Ber helst að nefna erfiðleika í sölu kindakjöts. Vel gengur að afsetja nautgripa og hrossakjöt, en svinið er þungt í vöfum. Ekki meira að segja um þetta að sinni, en minni sérstaklega á væntanlegan deildafund fyrir Skeiðadeild, Gnúpverjudeild og Hrunamannadeild, haldin að Brautarholti miðvikudaginn 25. febr. nk. Kl. 20,30.

Þá mun Steinþór forstjóri fara yfir rekstur félagsins í heild fyrir árið 2014. Fleiri góðir gestir mæta. Nánar auglýst síðar. Gaman væri að sem flestir sæu sér fært að sækja þennan fund, sér til fróðleiks og skemmtunar. Að endingu óska ég ykkur öllum gleðilegs árs, með kæru þakklæti fyrir frábært samstarf og viðskipti við Sláturfélag Suðurlands, fyrr og síðar.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Gleðilegt nýtt ár

Um leið og við þökkum ánægjuleg viðskipti á liðnu ári þá viljum við minna á að Landstólpi hefur uppá að bjóða fjölbreytt úrval af: stein- og bætiefnum, kúafóðri, kálfafoðri, hestafóðri, vatnsdöllum og vatnskörum, milligerðum, átrindum, steinbitum, girðingarefni, hreinlætisvörum fyrir fjós og heimill, rúlluplasti, stæðuplasti, sáðvöru, o.fl

Vonumst til að eiga ánægjuleg samskipti á árinu 2015

Saltsteinn Natur



10 kg.

Hreint salt sem uppfyllir saltþörf alls búfjár
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Saltsteinn Plus



10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, mangan, zink, kóbalt og seleni
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Steinefnablokk- Uniblock



10 kg.

Steinefna- og bætiefna blokk með háu Selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

Vítamínblokk Vitablock



10 kg.

Vítamínblokk sem inniheldur flest þau vítamín og snellefni sem búfe þarf til að fóðrast vel.
Hentar ekki sauðfé.

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Phosphoreimer



20 kg.

Steinefna- og bætiefna fata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni eykur kalkupptöku við burð. Inniheldur kopar og hentar því ekki sauðfé.

Heyrúlluskeri plast- og netskræleri



Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar.

Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Sterkur - Öflugur- Léttur

SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



LANDSTÓLPI



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Myndir frá aldersflokka og unglíngamóti HSK, sem fram fór um síðustu helgi. (sjá grein á bls 17)

Námskeið í Þjóðbúningasaumi

Haldið verður námskeið í þjóðbúningasaumi í uppsveitum Árnassýslu á vorönn. Námskeiðið verður fimm laugardaga frá janúar til apríl og verður það í Flúðaskóla.

Kennt er laugardaga frá kl. 11-17, dagana **14. febrúar, 28. febrúar, 21. mars, 11. apríl** og síðasti tíminn er **18. apríl**.



Annríki
Þjóðbúningar og skart

Júðungata 75 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 8901575 - 8954549
Vefbótun: annriki@annriki.is - Veffang: www.annriki.is

Á námskeiðinu er hægt að sauma 19. eða 20. aldar uppplut eða peysuföt, einnig er hægt að lagfæra búninga og sauma sér svuntu eða blússu. Námskeiðsgjald er kr. 135.000 og má reikna með u.þ.b. kr. 100.000 til 120.000 í efniskaup í nýjan búning, en það fer eftir því hvað er saumað. Allt efni er hægt að kaupa á staðnum.

Kennari á námskeiðinu verður Hildur Rosenkjær í Annríki en hún hefur mikla reynslu af þjóðbúningasaumi og rekur Annríki þjóðbúningar og skart ásamt manni sínum en það er þjóðbúningaverkstæði.

Upplýsingar og pantanir berist til Elínar Jónu í netfang: ellajona@ellajona.net eða í sími: 8936423



Mikil gróska í frjálsum íþróttum

Mikill áhugi hefur verið fyrir frjálspiþróttæfingunum í vetur og er nú svo komið að fullt er orðið í alla flokka. Ef enn leynast áhugasamir krakkar heima sem ætluðu sér að byrja að æfa eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Guðbjörgu Þjálfara og setur hún þá á biðlista. Að sama skapi eru foreldrar beðnir um að láta hana vita ef krakkarnir ætla að hætta svo hægt sé að taka þá inn sem biða.

Fjöldi keppenda tók þátt í

Aldursflokka- og Unglingamóti

HSK um nýliðna helgi. Langt er síðan svo margir hafa keppt í nafni Hrunamanna í

frjálsum íþróttum og var árangur krakkanna glæsilegur. Hrunamenn unnu til margra verðlauna og persónulegar bætingar voru ótal margar. Á mótunum var einnig stigakeppni milli liða og urðu Hrunamenn í öðru sæti á Aldursflokkamótinu (11-14 ára) og í því fimmta á Unglingamótinu (15-22 ára). Það er sérlega skemmtilegt frá því að segja að hver einasti keppandi náldi sér í stig fyrir liðið. Öll úrslit má nálgast á síðu frjálspiþróttasambandsins (fri.is).

Hrunamenn hlutu 9 HSK-meistararitla en það voru eftirfarandi krakkar sem unnu þá:

Ingibjörg Bára Pálsdóttir (11 ára stúlkur): Hástökk

Sonja Ýr Benediktsdóttir (11 ára stúlkur): Kúluvarp

Hjörtur Snær Halldórsson (11 ára piltar): Hástökk

Óskar Snorri Óskarsson (11 ára piltar): 60m.hlaup, langstökk og 800m. hlaup

Una Bóel Jónsdóttir (12 ára stúlkur): Kúluvarp

Ragnheiður Guðjónsdóttir (14 ára stúlkur): Kúluvarp

Sigríður Helga Steingrimsdóttir (15 ára stúlkur): Kúluvarp

Stjórn frjálspiþróttadeildarinnar hefur staðið fyrir kaupum á keppnisbúningum fyrir Hrunamenn og um helgina voru þeir vígðir. Búningarnir vöktu auðvitað mikla athygli og áhorfendur voru sammála um að liðið væri glæsilegt.

Héraðsleikar fyrir 10 ára og yngri verða svo haldnir í byrjun mars og þangað stefnum við með stóran hóp krakka sem fá þá að spreyta sig í keppni og leik.

Stjórn frjálspiþróttadeilar UMFH



Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins, en í gildi er aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003 – 2015 sem samþykkt var um mitt ár 2005. Skipulagsráðgjafi er teiknistofan Steinsholt sf, sem hefur aðsetur á Hellu.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem tekur til alls lands sveitarfélagsins og felur í sér stefnu sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Fyrsta skref endurskoðunar er vinna að og kynna lýsingu skipulagsverkefnisins þar sem gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum vinnunnar og áherslum sveitarstjórnar auk upplýsinga um fyrirhugað skipulagsferli. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti lýsingu 8. janúar 2014 og verður hún auglýst formlega til kynningar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fimmtudaginn 15. janúar, með fresti til að koma með athugasemdir og ábendingar til 12. febrúar. Skipulagsgögn verða aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins, Akurgerði 6 á Flúðum, og á skrifstofu skipulagsfulltrúa Dalbraut 12 á Laugarvatni. Þá verður hægt að nálgast gögnin á rafrænu formi á heimasíðu sveitarfélagsins www.fludir.is og heimasíðu skipulagsfulltrúa www.sbf.is.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér lýsingu og koma athugasemdum og ábendingum á framfæri skriflega til skipulagsfulltrúa Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða með því að senda tölvupóst á netfangið petur@skipulag.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir og ábendingar beint til skipulagsráðgjafans; gisli@steinholtsf.is.

Gert er ráð fyrir að haldinn verði kynningarfundur um aðalskipulagsvinnuna um mánaðarmótin febrúar/mars.

Flugeldasýning 2015

Eins og flestir vita var haldin flugeldasýning laugardaginn 3. janúar sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins.

Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir flutning á sprengjefninu á skotstað

Með von um gott og slysalaust ár

Björgunarfélagið Eyvindur og unglिंगadeildin Vindur

Eftirtaldir aðilar buðu uppá flugeldasýninguna 2015

Auðsholtsbúið	Íslenskt grænmeti
Arion banki	Kaffi Sel
Arnfríður Dalbæ	Kjöt frá Koti
Bryðjuholtsbúið	Límtré Vínnet
Búnaðarfélagið	Loðdýrabúið Ásgerði
Bökun	Pizzavagninn
Flúðafiskur	Ragnar og Marta
Flúðaleið flutningar	Skipholt 3
Fögrusteinar	Sölufélag Garðyrkjumanna
Garðyrkjustöðin Brún	Veitandi
Gistiheimlið Syðra-Langholti	Vinnuvélar Úlfars Harðar
Gróður	
Gröfutéækni	
Grænagerði	
Hannes Bjarnason	
Hótel Flúðir	
Hitaveita Flúða	
Hlynur Eyjólfsson	
Hnúkur slf	
Hrunamannahreppur	
Hús og Stigar	





Hrunamannahreppur



ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur, Míla, Rarik, og Hitaveita Flúða og nágrennis óska eftir tilboðum í verkið:

Högnastígur gatnagerð - 2015

Verklök eru: 1. september 2015

Verkið felur í sér jarðvegsskipti og uppbyggingu á götunni Högnastíg og götu upp að Högnastöðum. Að hluta til er um að ræða eldri malargötu sem skal jarðvegsskipta og endurnýja allar lagnir í. Einnig er um að ræða nýja götu frá stöð 190 til 360. Athygli er vakin á að í þessu verki eru verkmörk við **stöð 270** og er því um nýbyggingu að ræða á 80 m í götu og endurbygging á 245 m í eldri götu. Högnastígur 190 m og Högnastaðir 55 m.

Í götunni er nú til staðar einfalt fráveitukerfi. Verktaki skal endurnýja skolplögn og leggja nýja regnvatnsstofnlögn í götuna. Endurnýja skal núverandi skolpheimæðar að lóðamörkum og tengja þær þar við eldri fráveituheimæðar. Leggja skal nýjar regnvatnsheimæðar 40 cm ofar en skolpheimæð og enda þær rétt innan við lóðamörk. Endurnýja skal niðurföll í götum og tengja þau við regnvatnsstofnlögn.

Endurnýja skal kaldavatnsstofna í götunum og kaldavatnsheimæðar inn fyrir lóðamörk og tengja þær þar við eldri kaldavatnsheimæðar.

Verktaki skal jarðvegsskipta, hæðarsetja akbrautir og malbika. Steypa kantsteina og malbika gangstéttar og göngustíga.

Verktaki skal gera lagnaskurði fyrir lagnir Rarik, Mílu og Hitaveitu Flúða og nágrennis.

Verktaki skal grafa lagnaskurði fyrir Rarik og aðstoða við niðurtekt og uppsetningu ljósastaura og tengikassa. Starfsmenn Rarik leggja strengi og tengja.

Verktaki skal grafa lagnaskurði og leggja hitaveitulagnir.

Verktaki leggur lagnir og ídráttarrör Mílu, og kemur fyrir brunnum. Míla leggur lagnaefni til verksins.

Helstu magntölur eru:

Gröftur 4.400 m³
Neðra burðarlag 3.734 m³
Frárennislagnir 880 m
Vatnslagnir 344 m
Fleygun 649 m³
Malbikun 2.594 m²
Hitaveitulagnir 409 m
Kantsteinar 636 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 5. janúar 2015. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ingibjörgu hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið utbod.sudurland@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Eflu Suðurland, Austurvegur 1 – 5, 800 Selfoss, fyrir kl. 11:00 föstudaginn 23. janúar 2015, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitastjóri Hrunamannahrepps

Frá FEH

Stjórn Félags eldri Hrunamanna óskar félagsmönnum sínum gleðilegs árs og þakkar samveru liðins árs.

Leikhúsförð eldri borgara

Ef næg þátttaka fæst verður farið í Borgarleikhúsið að sjá *Beint í æð laugardagskvöldið 24. janúar og hefst sýningin kl. 20.*

Miðaverð er 4250 kr. Rútuverð er 2900 kr. miðað við fullskipaða 19 manna rútu.

Tilkynnið þátttöku í síma 486 6639 eða 864 6639 fyrir laugardaginn 17. janúar.

Vinsamlegast greiðið miðana fyrir 17. janúar inn á reikning félagsins.

Reikningsnúmer er: 0325 - 26 - 55246 - kt. 420498-3149.

Þeir sem ekki hafa heimabanka geta borgað Björgu í reiðufé fyrir sama tíma.

Opið hús FEH

„Opið hús“ verður **miðvikudaginn 21. janúar kl. 14:00.**

Séra Óskar spjallar fyrst við okkur og síðan verður spiluð félagsvist.

Allir hjartanlega velkomnir.

Lestur Íslendingasagna

Nokkur félög eldri borgara vítt og breitt um landið hafa lesklúbba í sínu félagsstarfi. Ákveðið hefur verið að byrja með lesklúbb hér og stefnt að því að lesa eina Íslendingasögu í vetur.

Fyrsti samlesturinn verður **miðvikudaginn 28. janúar kl. 10:30** í kjallaranum í Heimlandi og stendur yfir í tæpa klukkustund.

Gísla saga Súrssonar verður fyrst lesin og þeir sem hafa áhuga koma með bók að heiman. Leiðbeinandi verður Björg Björnsdóttir. Ekkert þáttökugjald.

Öllum áhugasömum er velkomið að taka þátt í þessu verkefni.

Vatnsleikfimin

Vatnsleikfimin hefst aftur **mánudaginn 2. febrúar kl 13:00.**

Nauðsynlegt er að nýir þátttakendur bættist í hópinn því að það er nóg pláss í lauginni. Vatnsleikfimin er ekki eingöngu ætluð félögum í FEH. Allir þeir, sem hafa hug á að bæta eigin heilsu, eiga erindi í vatnsleikfimi.

Árni Þór Hilmarsson, íþróttakennari, veitir nánari upplýsingar í síma 849 3870.

Með kærri kveðju,
stjórnin